

Mánudaginn 16. marz 1953.

Nr. 123/1951. **Gunnar Guðmundsson** (Ragnar Jónsson)

gegn

**borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**

(Tómas Jónsson).

**Dómendur:**

**Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.**

Sýkna af skaðabótakröfu vegna bifreiðaáreksturs.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Hann krefst þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 4553.01, en til vara lægri fjárhæð ásamt 5% ársvöxtum frá 30. september 1950 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir áfrýjandi eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnar Guðmundsson, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. febrúar 1951.**

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Gunnar Guðmundsson, skála nr. 13 við Háteigsveg, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. september 1950, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h.

bæjarsjóðs til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðaáreksturs að fjárhæð kr. 4553.01 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómaramans.

Málsatvik eru þau, að þann 10. október 1949 um kl. 18.10 varð árekstur milli bifreiðanna R 3867, sem er fólksflutningabifreið, eign stefnanda, og slökkviliðsbifreiðar nr. 3, eign stefnda, á mótum Hverfisgötu og Rauðarárstígs, hér í bæ. Við áreksturinn urðu nokkrar skemmdir á bifreiðunum og tveir menn, er stóðu aftan á slökkviliðsbifreiðinni, hlutu nokkur meiðsli.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að í umrætt sinn hafi hann ekið austur Hverfisgötu með um 15 til 20 mílna (24—32 km) hraða miðað við klukkustund og á vinstra helmingi götunnar. Hann hafi ekki heyrt nein hljóðmerki, er gæfu til kynna, að slökkviliðsbifreiðar væru í nánd og ekið rակleitt inn á mót Hverfisgötu og Rauðarárstígs. Er hann kom þangað, hafi hann séð til slökkviliðsbifreiðar, er hafi verið ekið suður Rauðarárstíg og inn á gatnamótin. Kveðst stefnandi þá hafa hemlað samstundis og sveigt til hægri handar. Rétt í sömu andrá hafi áreksturinn orðið og hafi vinstra framhorn R 3867 lent í hægri hlið slökkviliðsbifreiðarinnar aftarlega. Við áreksturinn kveðst stefnandi hafa misst stjórn á bifreið sinni, hún runnið áfram og staðnæmzt inni á Rauðarárstíg sunnan Hverfisgötu og sneri framendi hennar þá í suður.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að ökumaður slökkviliðsbifreiðarinnar eigi alla sök á árekstri þessum. Hverfisgata sé aðalbraut og njóti því umferð um hana þess forréttar, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá götum, sem að henni liggja, beri skilyrðislaust að víkja. Þessa hafi ökumaður slökkviliðsbifreiðarinnar ekki gætt, heldur ekið inn á aðalbrautina í veg fyrir R 3867. Hefur stefnandi í því sambandi talið, að ákvæði 3. mgr. 28. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur haggi ekki skyldu slökkviliðsbifreiða til að virða reglur umferðalaganna um forrétt umferðar á aðalbrautum.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi eigi einn sök á árekstri þessum. Hann hafi ekið óhæfilega hratt í umrætt sinn. Þá hafi hann ekið inn á gatnamótin, þótt hann hljóti að hafa heyrt áður hljóðmerki slökkviliðsbifreiðarinnar, en ekki stöðvað bifreiðina, meðan slökkviliðsbifreiðinni var ekið framhjá, svo sem honum hafi borið ótvíræð skylda til.

Ökumaður slökkviliðsbifreiðarinnar nr. 3 hefur skýrt svo frá atvikum, að umræddan dag hafi hann ekið bifreið þessari að Hátúni 1, hér í bæ, til að sinna brunakvaðningu þaðan. Hafi farið þangað tvær slökkviliðsbifreiðar. Er komið hafi verið þangað, hafi verið búið að slökkva eldinn, en samtímis hafi komið tilkynning um, að kviknað væri í húsinu nr. 43 við Barmahlíð og hafi hinni bifreiðinni strax verið haldið þangað. Eftir skamma viðdvöl á Hátúni 1 kveðst ökumaðurinn hafa haldið af stað áleiðis að hinum brunastaðnum. Hafi hann ekið upp á Skúlagötu og

suður Rauðarárstíg. Hljóðhorn bifreiðarinnar hafi verið sífellt í gangi og gefið hafi verið rautt ljósmerki, svo sem venja sé. Hreyfill bifreiðarinnar hafi verið í öðru ganghraðastigi inn á Rauðarárstíginn, en þar hafi hann skipt í þriðja ganghraðastig. Hann hafi ekið á vinstra vegarhelmingi. Er hann hafi verið kominn inn á gatnamót Rauðarárstígs og Hverfisgötu, hafi hann séð til ferða R 3867, er hafi verið ekið austur Hverfisgötu á allmiklum hraða, en hafi ekki verið kominn inn á gatnamótin. Kveðst ökumaður slökkviliðsbifreiðarinnar þá hafa aukið hraðann og sveigt til vinstri. Er hann hafi verið kominn inn á suðurhelming Hverfisgötu, hafi R 3867 rekizt aftarlega á slökkviliðsbifreiðina hægra megin. Hafi höggið verið það mikið, að bifreiðin hafi lyftzt upp að aftan og kastast til vinstri. Hann hafi óttast, að bifreiðin ylti og því ekki hemlað strax og hafi hún runnið nokkuð áfram. Telur ökumaðurinn, að árekstrarhöggið hafi lent aftan til á afturhjól slökkviliðsbifreiðarinnar. Maður, sem sat við hlið ökumannsins í slökkviliðsbifreiðinni, hefur skýrt svo frá, að hraði þeirrar bifreiðar hafi ekki verið mikill. Hann kveðst hafa séð til ferða R 3867, er slökkviliðsbifreiðin kom að mótum Rauðarárstígs og Hverfisgötu, og þá hafa talið hana það langt í burtu, að engin hætta gæti verið á árekstri. Síðan kveðst maður þessi hafa litið af R 3867 og rétt síðar hafi áreksturinn orðið. Áreksturinn hafi verið það harður, að hann kveður slökkviliðsbifreiðina hafa lyftzt upp, og sig hafa óttast, að hún myndi velta. Maður þessi hefur fullyrt, að gefið hafi verið sífellt hljóðmerki á slökkviliðsbifreiðinni.

Aftan á slökkviliðsbifreiðinni stóðu fjórir menn. Tveir þeirra urðu ekki varir við ferðir R 3867 fyrir áreksturinn, en hafa talið, að slökkviliðsbifreiðinni hafi ekki verið ekið hratt. Annar þessara manna hefur fullyrt fyrir dómi, að á slökkviliðsbifreiðinni hafi stöðugt verið gefið hljóðmerki. Þriðji maðurinn, sem stóð aftan á slökkviliðsbifreiðinni, hefur talið, að R 3867 hafi verið ekið austur Hverfisgötu á greiðri ferð og hafi verið ekið inn á gatnamótin, án þess að draga úr hraðanum. Maður þessi telur, að bifreiðarnar hafi komið álika snemma að gatnamótunum, slökkviliðsbifreiðin þó e. t. v. aðeins á undan. Áreksturinn hafi orðið sem næst miðjum gatnamótunum. Fjórdi maðurinn, sem stóð aftan á slökkviliðsbifreiðinni í umrætt skipti, hefur talið, að henni hafi ekki verið ekið hratt, en ekki verið dregið úr hraðanum við gatnamótin. Maður þessi kveðst hafa séð til ferða R 3867 og hafi henni verið ekið allhratt og ekkert dregið úr hraða hennar, er inn á gatnamótin kom. Hraði hennar hafi heldur verið aukinn á síðustu metrunum, áður en áreksturinn varð og sér hafi virzt, sem ökumaður bifreiðarinnar hafi misst vald á henni. Vitni þetta hefur talið, að stöðugt hafi verið gefin hljóðmerki á slökkviliðsbifreiðinni.

Maður einn, er stóð nálægt árekstrarstaðnum, hefur talið, að slökkviliðsbifreiðinni hafi verið ekið hratt og ekkert hafi verið dregið úr hraða hennar á gatnamótunum. Hljóðmerki hafi hins vegar stöðugt verið gefið. Á sömu lund er framburður manns, er sá árekstur þennan út um glugga á húsi einu þarna hjá, og einnig manns, er þarna var á gangi.

Bifreiðarstjóri einn, sem var á leið austur Hverfisgötu í umrætt sinn, hefur skýrt svo frá, að hann hafi stöðvað bifreið sína rétt vestan við gatnamótin til að hleypa út fólki. Áður en hann héldi af stað aftur, hafi hann heyrt hljóðmerki slökkviliðsbifreiðar og þar sem ekki hafi verið ljóst, hvaðan þau komu, hafi hann beðið til að sjá til ferða slökkviliðsbifreiðarinnar. R 3867 muni hafa verið ekið á eftir sér og áfram meðan á þessu stóð, án þess að hann veitti henni athygli. Hann hafi séð báðar bifreiðarnar samtímis og hafi þær þá verið á miðjum gatnamótum og árekstur óumflýjanlegur. Það hafi verið fullt eins mikill hraði á R 3867 og slökkviliðsbifreiðinni. Í því að áreksturinn varð, hafi slökkviliðsbifreiðin beygt til vinstri, en R 3867 til hægri.

Lögreglumenn komu fljótlega á staðinn og gerðu uppdrátt af staðháttum.

Mál var höfðað af ákærvaldsins hálfu gegn stefnanda vegna þessa slyss. Með dómi aukaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 27. apríl 1950, var stefnandi talinn með akstri sínum í umrætt sinn hafa brotið gegn ákvæðum 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941, ákvæðum 3. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðalaganna nr. 24 frá 1941 og ákvæðum 3 mgr. 28. gr. og 46. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík.

Dómarinn hefur farið á vettvang og athugað aðstæður allar.

Þegar gætt er, hve harður áreksturinn varð svo og virtar vitnaskýrslur þær, er að framan greinir, er ljóst, að hraði R 3867 hefur verið óforsvaranlegur. Þá verður ekki séð, að stefnandi hafi gert neitt til að draga úr hraðanum, eftir að hann viðurkennir að hafa orðið slökkviliðsbifreiðarinnar var.

Svo sem að framan getur, er Hverfisgatan aðalbraut og nýtur því umferð um hana þess forréttar samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 7. gr. umferðalaganna, að umferð bifreiða frá götum, er að henni liggja, skal skilyrðislaust víkja fyrir umferð um hana og staðnæmast, áður en inn á hana er sveigt, ef þörf krefur. Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. umferðalaganna er það lagt í vald lögreglustjóra, að fengnum tillögum bæjar- eða sveitastjórna, að ákveða hverjar götur skuli vera aðalbrautir. Í 4. mgr. 1. gr. bifreiðalaganna eru nokkrir flokkar bifreiða, þar á meðal slökkviliðsbifreiðar, undanþegnar ákvæðum laganna um hámarkshraða, enda noti þær ákveðin einkenni eða merki. Í 1. mgr. 15. gr. umferðalaganna er svo ákveðið, að í kaupstöðum og kaupsíðum megi í lögreglusamþykktum setja sérreglur um umferð. Þá er svo ákveðið í lögreglusamþykktinni fyrir Reykjavík nr. 2 frá 1930, 3. mgr. 28. gr., að allir vegfarendur skulu samtundis víkja úr vegi fyrir bifreiðum slökkviliðs, sjúkrabifreiðum og bifreiðum lögreglunnar, enda gefi þær auðþekkt hljóðmerki. Telja verður, að ákvæði 3. mgr. 28. gr. lögreglusamþykktarinnar eigi stoð í heimild þeirri, sem um ræðir í 2. mgr. 15. gr. umferðalaganna, og séu þau ákvæði því gild. Taka þau jafnt til aðalbrauta sem annarra gatna.

Í málinu er sannað, að umrædd slökkviliðsbifreið nr. 3 gaf stöðugt sérstakt auðþekkt hljóðmerki, er einungis fyrrgreindar bifreiðar nota hér. Hljóðmerki þetta átti stefnandi að geta heyrt nokkru áður en hann kom

að gatnamótunum. Þá er ljóst af aðstæðum öllum, að stefnandi hefur haft svigrúm til að stöðva bifreið sína eða draga mjög úr hraða hennar á vegalengd þeirri, er hann fór, frá því að slökkviliðsbifreiðin kom í auglýsning hans og þar til áreksturinn varð. Þá sveigði hann til hægri rétt fyrir áreksturinn og má telja það hafa meðal annars valdið, hvernig fór.

Þegar allt þetta er virt, þykir verða að telja stefnanda eiga einan sök á árekstri þessum, enda verður ekki talið, að ökumaður slökkviliðsbifreiðarinnar eigi neina sök á, eins og á stóð, hvernig fór. Á hann því ekki rétt á bótum úr hendi stefnda vegna tjóns þess, er hann beið við árekstur þennan. Verður því sýknukrafa stefnda tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Gunnars Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 18. marz 1953.

Nr. 173/1951. **Friðbjörn Jósafatsson** (Theódór B. Línal)  
gegn

**Hauki Kristjánssyni** (Egill Sigurgeirsson)  
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

#### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. nóvember 1951. Hann krefst þess, að fjárhæð sú, sem héraðsdómari dæmdi honum að greiða gagnáfrýjanda, verði lækkuð, að hvor aðilja um sig beri málskostnað sinn í héraði, en að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 28. ágúst 1952, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 2249.11 ásamt